

Alþingi
Erindi nr. P 127 / 1519
komudagur 25. 3. 2002



Borgartúni 33 150 Reykjavík
Sími 562 2000 Fax 562 7500

www.umferd.is

25. mars 2002

ÓHP/sj

Nefndasvið Alþingis,
Austurstræti 8 – 10,
150 Reykjavík

**Varðar frumvarp til laga um breytingu á tollalögum – 583. mál,
sektir, barnabílstólar**

Vísað er til bréfs efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis, dagsetts 18. mars 2002, þar sem óskað er umsagnar Umferðarráðs um ofangreint frumvarp fyrir 3. apríl 2002.

Umferðarráð hefur ekki komið saman til fundar frá því að erindi þetta barst og mun ekki hittast á fundi innan þeirra tímamarka sem um ræðir. Undirritaður svarar því bréfi efnahags- og viðskiptanefndar að höfðu samráði við þá starfsmenn Umferðarráðs sem best þekkja til öryggisbúnaðar fyrir börn í bílum. Samkvæmt því lýtur umsögn þessi eingöngu að 2. gr. frumvarpsins, til 1. greinar er ekki tekin afstaða.

Breytingum á tollalögum, sbr. 2. gr. frumvarpsins, er fagnað. Það er mikið hagsmuna- og réttlætismál foreldra ungra barna að almennur tollur af barnabílstólum, sem eru viðurkenndir og E-merktir samkvæmt reglum Evrópusambandsins, eða viðurkenndir samkvæmt bandarískum og kanadískum stöðlum, verði afdnuminn. Eins og fram kemur í athugasemdum við frumvarpið, er enginn tollur á öryggisbeltum en 10% tollur á barnabílstólum, sem eru nauðsynlegir hverju ungu barni sem ferðast í bíl.

Í þessu sambandi má geta þess að í könnunum sem gerðar hafa verið undanfarin ár á vegum Umferðarráðs og fleiri aðila við leikskóla í rúmlega 30 sveitarfélögum, kom í ljós að árið 2001 voru 72% leikskólabarna í barnabílstólum við komu í skólann. Þegar sú staðreynd er höfð í huga að börnin eru á aldrinum 2ja til 6 ára er þetta ekki nógu góð útkoma. Vonandi verður tollalækkunin til þess að verð á barnabílstólum lækki það mikið að enn fleiri foreldrar láti börn sín nota barnabístóla, sem sannarlega eykur verulega á öryggi þeirra.

Ætla má því að samþykkt þessa frumvarps auki umferðaröryggi í landinu. Það er Umferðarráði afar þóknanlegt.

Þessi niðurstaða tilkynnist hér með.

Óli H. Þórðarson
framkvæmdastjóri